

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
110 Reykjavík

25. apríl 2017

**Efni: Umsögn við fjármálaáætlun 2018-2022, mál 402, þingsályktunartillaga.
146 löggjafarþing.**

Með ofangreindri fjármálaáætlun er m.a. kynnt sú ætlun að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu úr lægra skattþrepi 11% í efra þrep, fyrst í 24% hinn 1. júlí 2018 eða eftir rúmt ár og síðar á að stefna að því að lækka almenna þrepið í 22,5%.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er þessi hækkun rökstudd með því að með þessu eigi að tempra vöxt ferðaþjónustunnar, það sé æskilegt vegna áhrifa vaxtar greinarinnar á gengi krónunnar og afkomu annarra útflutningsgreina. Þá eru það talin rök fyrir breytingunni að óeðlilegt sé að þessi atvinnugrein selji þjónustu í lægra skattþrepi virðisaukaskatts en aðrar greinar, þannig þurfi í ljósi samkeppnissjónarmiða og jafnræðis í skattlagningu að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Einnig eru tínd til óæskileg áhrif á húsnæði og húsnæðisverð. Þá er því haldið fram að um skattkerfisbreytingu sé að ræða til einföldunar og draga eigi úr sérstakri ívilnun sem ferðaþjónustan njóti hér á landi.

Þessi rök halda engu vatni. Engin úttekt er gerð á væntanlegum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á þá rekstraraðila sem starfa við ferðaþjónustu. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að hækkun virðisaukaskatts um rúmlega 100% á þessa eina mikilvægustu atvinnugrein landsins að rökin séu betur útfærð en þetta.

Til að byrja með er því haldið fram að um umbætur á skattkerfinu sé að ræða. Skilvirkni náist með því að undanþágur séu sem fæstar. Um sé að ræða heildstæðar breytingar á virðisaukaskattskerfinu og afnám ívilnana sem gistipjónusta og ýmsar tegundir ferðaþjónustu hafi haft.

Þetta er einfaldlega rangt. Fyrir aðila sem selur gistingu og veitingar þýðir þetta að hann þarfa að vera með tvöfalt kerfi, þ.e. salan er með mismunandi vsk. skattþrep. Hann þarf þá að skipta upp reikningum með videigandi hætti og aðgreina söluna í gistingu og veitingar. Það sér hver maður í hendi sér hvernig hagræða má þeim tölum svo veitingarnar hljóti þá meira vægi en gistingin. Engin leið er að hafa eftirlit með því. En það hlýtur að vera óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkra breytinga að stórauka þurfi fjármagn í skatteftirlit svo fylgja megi eftir að þetta nái tilgangi sínum.

Ef verið væri að færa alla vöru og þjónustu í eitt og sama skattþrepið mætti halda því fram að um einföldun væri að ræða. Því fer fjarri; matur, bækur, blöð, áskriftir, heitt vatn, smokkar, bleiur, geisladiskar o.fl. eru áfram í lægra skattþrepi, sbr. 14. gr. vsk. laga nr. 50/1988. Félagsleg þjónusta, heilbrigðisþjónusta, menningarstarfsemi, sum

góðgerðarstarfsemi o.fl. eru svo dæmi um þjónustu sem er undanþegin starfsemi og heyrir ekki undir virðisaukaskattkerfið, sbr. 2. gr. laganna. Þá telst ákveðin vara og þjónusta ekki til skattskyldrar veltu (núll skattur með innskattsrétt), s.s. útflutningur og sala á ýmissi þjónustu til erlendra aðila, þó sú þjónusta sé veitt hér á landi, sbr. 12. gr. vsk. laga nr. 50/1988. Svo ekki sé minnst á allar þær reglugerðir sem kveða á um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, erlendra fyrirtækja, opinberra stofnana, erlendra sendimanna, vinnu við íbúðarhúsnæði o.fl. o.fl.

Skattapólitísk rök eru fyrir því að gistiþjónusta sé í lægra skattþrepi virðisaukaskatts. Til vitnis um það nægir að nefna að öll lönd í kringum okkur eru með gistinguna í lægra þrepi, utan Danmerkur. Bent hefur verið á hversu slæm áhrif það hafði þar að færa gistingu í hærra þrep og þurftu Danir að mæta því með sérstökum endurgreiðslum. Íslensku vsk. lögin voru samin að danskri fyrirmynd og þau dönsku taka að miklu leyti mið af ESB reglum. Þess ber að geta að þótt ESB löndin séu öll með vsk. og svipaða uppbyggingu, þá hafa þau mismunandi skattþrósetur og reglur um undanþágur. Það eru ríkar ástæður fyrir því að hafa vsk. á gistingu í lægra þrepi og eru þær annars vegar samkeppnissjónarmið (samkeppnin er yfir landamæri) og svo hins vegar að litid er á gistingu sem að mestu leyti er seld til erlendra ferðamanna sem eina tegund útflutnings.

Virðisaukaskattur er neysluskattur og ein mikilvægasta tekjulind ríkissjóðs og skatttekjur ríkissjóðs eru notaðar til að fjármagna ýmsa þjónustu við þegnana s.s. stjórnsýslu og velferðarkerfi. Erlendir ferðamenn sem staldra hér stutt við njóta ekki þeirrar þjónustu og þurfa sjálfir (eða tryggingarnar þeirra) að greiða fyrir t.a.m. lækniþjónustu ef þeir þurfa á að halda hér á landi. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að erlendir ferðamenn fá einnig endurgreiðdan virðisaukaskatt af keyptum vörum (tax free) og við njótum hins sama erlendis. Ennig endurgreiða sum lönd vsk. af gistingu til erlendra fyrirtækja. En flest telja eðlilegra og minna umstang að hafa gistinguna í lægra þrepi.

Erlendir ferðamenn eru fúsir að greiða skynsamlegt gjald fyrir aðgang að náttúrustöðum hér á landi. Ferðamenn eru meðvitadur um það gjald sem þeir greiða fyrir þjónustuna, hvort sem það er gisting eða annað og markaðurinn er mjög viðkvæmur fyrir verðbreytingum. Hætt er við því að ferðamönnum þyki sér misboðið með því að beita eigi þá hæstu virðisaukaskattsþrósetu í heimi. Mörg önnur ríki eru ekki með vsk. kerfi heldur söluskatt sem yfirleitt er í mun lægra þrepi.

Frá því virðisaukaskattur kom til skattheimtu á Íslandi 1. janúar 1990, hafa verið gerðar ótal breytingar á lögunum og mikill bútasamur átt sér stað. Um það bera nú vitni ein 31 bráðabirgðaákvæði sem lögin „prýða“ og 83 breytingalög. Væri óskandi að þær breytingar væru allar til batnaðar en því miður er raunin oftast sú að verið er að bregðast við ákalli ríkissjóðs um meiri fjármuni.

Það er því fráleitt að halda því fram að verið sé að einfalda skattkerfið. Hér er einfaldlega verið að hækka álögur á einn atvinnuveg sem haft getur ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Undarleg eru þau rök að tempru þurfi vöxt ferðaþjónustunnar þar sem hann hafi verið hraðari en innviðaupbygging ráði við. Það sé bæði vegna ágangs á náttúruna og vegna húsnæðisvanda ungs fólks. Vöxturinn takmarkast alltaf við fjölda ferða til landsins og af fjölda gististaða. Fleiri þættir hafa að sjálfsögðu áhrif, s.s. aðdráttarafli og verðlag auk ytri aðstæðna og náttúruhamfara. Hins vegar getur þurft að stýra vextinum. Með fyrirhuguðum áætlunum er eina tækið sem nota á til temprunar að hækka gjaldið sem ferðamenn greiða í virðisaukaskatt. Þannig verði þeir sem ekki geti tekið hækkinina á sig

að gefast upp (les: verða gjaldþrota). Þó er afar ólíklegt að þetta hafi nein áhrif á húsnæðisvanda unga fólksins, það gistirými sem leigt er út í formi íbúðarhúsnæðis (um 2-3000 íbúðir á airbnb) er að mestu leyti utan allra leyfa og skattkerfis og hefur þessi breyting því engin áhrif á það framboð. Þessi fyrirhugaða breyting hefur því fyrst og fremst áhrif á þá aðila sem stunda sína starfsemi hér af alvöru, gera það vel og af metnaði og skila sínum sköttum og skyldum til samfélagsins. Önnur rök fyrir nauðsyn tempunar eru svo þau talin að vöxturinn hafi slæm áhrif á aðrar útflutningsgreinar, vegna áhrifanna á gengi krónunnar. Er þá reiknað með að gengið veikist við þessa fyrirhuguðu hækkun. Ekki liggur þó fyrir rannsókn eða greining á þessum áhrifum. Þess ber að geta að ferðaþjónustan hefur þegar orðið fyrir 30% lækkun tekna vegna gengisstyrkingar krónunnar undanfarin ár. Með þessu er verið að veikja stærstu útflutningsgreinina og þá brothættu til að styrkja hinar eldri, sem hafa þó sína ársreikninga flestar í erlendum myntum og verða því ekki eins mikið fyrir bardinu á gengisbreytingum krónunnar.

Það hefur lengi verið í umræðunni að taka þurfi upp gjalddöku og og stýringu á mikið sóttu staði sem ekki ráða við fjöldann. Enginn ferðamaður sem undirrituð hefur hitt telur það athugasvert að greiða aðgang að þeim stöðum sem hann vill skoða. Eðlilegra væri að gera það sem hægt er að taka við þessum fjölda sem enn vill koma og gera það vel svo ferðamaðurinn fái þá jákvæðu upplifun sem hann vonast til. Fjölgun ferðamanna hefur bjargað þessari þjóð frá hruni, sérstaklega síðustu árin. Má það að miklu leyti þakka þeim fjölda aðila sem lagt hafa sig fram af miklum metnaði og elju til að gera upplifun þeirra sem besta. Nú á að slátra mjólkurkúnni. Metnaðarfull stjórnvöld eiga að leitast við að auka tekjur landsmanna og bæta lífsgæði hér.

Virðingarfyllst,

Elín Árnadóttir, hdl.